

GJALDSKRÁ

um útgáfu leyfa til dýrahalds í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald.

Gjald vegna útgáfu leyfis.

1. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir útgáfu leyfa til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald skv. 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd með síðari breytingum.

Upphæð gjaldsins skal vera:

fyrir leyfi til dýrasýninga og dýrahappdrættis:	kr. 5.500
fyrir leyfi vegna dýrahalds í atvinnuskyni önnur en leyfi til dýrasýninga og dýrahappdrættis:	kr. 30.500
fyrir endurnýjun leyfa vegna dýrahalds í atvinnuskyni annarra en til dýrasýninga og dýrahappdrættis:	kr. 20.500

Umframkostnaður.

2. gr.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en gert er ráð fyrir í 1. gr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu þó þannig að heildarkostnaður við útgáfu leyfis verði ekki hærri en kr. 60.500. Umhverfisstofnun skal gera umsækjanda grein fyrir umfangi umframvinnu vegna útgáfu leyfis.

Tímagjald sérfræðings er: kr. 5.000

Innheimta.

3. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis hefur verið tekin. Eindagi gjalda er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

Gildistaka.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er á grundvelli 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd, öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 29. október 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Þórður H. Ólafsson.